# *Nr. 081 / 10 Árni í Teigi GK 1*

## *Gangtruflanir í vél*

*Skipaskr.nr.* 2500
*Smíðaður:* Reykjavík 2004, plast
*Stærð:* 18,8 brl. 24,8 bt.
*Mesta lengd:* 13,84 m *Skráð lengd:* 13,79 m
*Breidd:* 4,2 m *Dýpt:* 1,47 m
*Vél:* 2 x Cummins 374 kW 2003
*Fjöldi skipverja:* 2

***Gögn:***
*Gögn RNS*




Árni í Teigi ©Hilmar Snorrason

*Málið afgreitt á fundi 11. október 2010 af Inga Tryggvasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni*

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagni í opinberu máli.*

### *Atvikalýsing:*

Þann 8. júní 2010 var Árni í Teigi GK 1 á siglingu til hafnar Veður: S – SA 3-4 m/sek

Á landleiðinni var Stakkur GK 180 tekinn í tog en þegar bátarnir nálguðust innsiglinguna í Grindavík urðu bátsverjar varir við gangtruflun í annarri aðalvélinni. Skipt var yfir á aðra olíuforsíu og til öryggis óskuðu þeir eftir að björgunarbátur væri hafður til taks.

### *Við rannsókn kom fram:*

- að tvær sjálfstæðar vélar eru í bátnum með aðskilið brennsluolíukerfi en þær voru venjulega keyrðar af sama tank sem var að tæmast;
- að tveir tankar úr plasti eru í botni bátsins og sagði skipstjóri að ekki hafi verið langt liðið frá því þeir voru þrifnir síðast en að jafnaði er tekin gasolía á þá en ekki flotaolía.

### *Nefndarálit:*

Nefndin ályktar ekki í málinu.